

Dýptarmælingar í stöðuvötnum.Tillaga að starfsáætlun og gerð grein fyrir væntanlegri tilhögun.

1. Á sumri komanda etti að vera unnt að dýptarmæla:
 1. Þórisvatn, og þá um leið eitthvað af Veðivötnum.
 2. Hvalvatn
 3. Svínavatn
 4. Lögnn
2. Gengið er útfrá að ameríski mælinn Bendix verði notaður við mælinguna. Umboðsmaður fyrir þá tegund er Sæmundur Stefánsson, Vélasalan h.f. Sá, er hefur allan veg og vanda af þessum tækjum fyrir umboðið, dvelur nú erlendis, væntanlegur 8. þ.m. og fest þá ákveðið sölu- eða leigutilboð. Þýzkir mælar koma engu að síður til greina.
3. Tel óþarft að lýsa áhaldinu hér, en vísa í því sambandi til leiðarvísis, sem fylgir hér með.
4. Rétt hef ég við Magnús Jóhannsson, útvarpsvirkja, Óðinsgötu, um þessa mæliaðferð, og er hann fús að veita stofnuninni aðstoð við stillingu dýptarmælisins og annað eftirlit, sem að tækinu lýtur.

Við Magnús teljum það ráðlegast, er ísa leysir í vor á Háfravatni, að prófa þar tækið og koma því fyrir í vatnabátum, eins og það yrði svo notað eftirleióis.
5. Tel rétt að nota tvo vatnabáta hlið við hlið. Gengið yrði svo frá sendaranum á milli bátanna nálægt þeim miðjum. Þar ættu loftbólur ekki að vera í vatninu undir sendaranum.

Utanborðsmótor yrði komið fyrir í raufinni á milli bátanna, nálægt skut, en bátarnir festir saman með sterkum plönkum ($3\frac{1}{2}'' \times 9''$). Á þennan hátt fest gott vinnurými. Tverr stangir yrðu látnar standa upp frá bátunum og þær notaðar til að halda beinni skriðlínu á fast mið í landi.

6. Áður en bergmálsdýptarmælarnir komu til sögunnar, með nákvæmum úrverkum, voru straumhraðamælarnir oft notaðir til að mæla vegalengdir á stöðuvötnum. Þegar mált er með bergmálsmæli er aftur á móti venja að keyra bátinn með jöfnur hraða og fá þannig dreyfingu mældra punkta á lengdarlínuna. Þannig dýptarmældu Svíar nokkur vötn á s.l. sumri og var þeirri aðferð lýst á norræna vatnamælingamótinu í Stockhólmi, sept. 1955.

Magnús Jóhannsson telur vandkvæðalaust að láta straum-
mæli gefa merki inn á pappírssæmu dýptarmælisisins. Það getur verið nokkur kostur, einkum á grunnum og litlum vötnum.

7. Svið Bendix-mælanna eru venjulegast tvö, t.d. 0-50 m og 50-100 m eða 0-100 og 100-200 m.

Auk þess er einnig hægt að fá aukaáhöld, sem gera kleift að skoða sérstaklega í stærri mælikvarða t.d. 25 eða 50 m svið, hvar sem er í hinu melda dýpi. Það áhald er þegilegt til að athuga botnlagið, t.d. hvort botninn er laus eða fastur og há hve djúpt er niður á klöpp.

8. Það sem nú þarf að gera er:

- a) Að semja ákveðið um dýptarmæli, sjá grein nr. 2 hér að framan.
- b) Festa kaup á utanborðsmótor og jafnvel vatnabát.

- c) Safna afritum af lardabréfum (teikningum) af vötnunum, sem nefnd eru hér að framan og gera skrá yfir F.M. hjá þeim, svo þau gögn verði öll í handræða, er vatnamælingarnar þurfa á þeim að halda í sumar. T.d. þarf að minnka Hvalvatnsteikninguna svo að hún verði þögileg í notkun úti við. Rétt er að gera þessa skráningu samandi, þ.e.a.s. safna teikningum af öllum vötnum og sjá um að þær komist á spjaldskrá hjá vatnamælingunum.
- d) Ræða þarf þennan undirbúning nánar og þá jafnframt hvort ekki sé rétt að gera fleiri athugasir jafnhliða dýptarmælingunni, t.d. töku vatns- og botnsýnishorna og svo hitamælingar.

Reykjavík, 3. febr. 1956

S. Rist

Elae

16.7 Preis

	m	Heighting Pappus	A-papir	Dipn.	
Flachsee	0-24	0-58 mm/min	1 cm	1.35 m	
Gastos	0-48	0-29 -	1 cm	2.70	58 kg
	0-96	0-14.5 -	1 cm	5.40	
	0-192	0-7.25 -	1 cm	10.80	130 ^w

Yms toki:

	A-papir	Dipn.	
Bendix ¹² DR12 DR15	1 cm	7.8 m 6.9 m	(11 Preis) (22 Preis)
Gastos, Flachsee	1 cm	1.35 -	(16.7 Preis)
LAZ 13 (Verlegab)	1 cm	7.3 ~	(13.2 Preis)
Allas type 658	1 cm	4 m	(15. Preis)
- Vermessungsbk	1 cm	1.0 m	(42 Preis)

Samanburður á dyptarmælum: Skilgreint III

Tegundir:

	A pöppun	Dípi	Verð
Bendix: DR15 ...	1 cm	= 7.8 m	-- 11 þús
Bendix: DR12 ..	1 cm	= 6.9 m	-- 22 --
Atlas: Type 658 ..	1 cm	= 4.0 m	15 --
Vermessungsstat ..	1 cm	= 1.0 m	42 --

Elae:

LAZ-13 (Vestlegab)	1	= 7.3	13.2 -
Gastor, Flachsee	1	= 1.35	16.7 -